

## Umsögn um þingsályktunartillögu um samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu, 55. mál.

Ég fagna mjög þessari tímabæru þingsályktunartillögu og tel mikilvægt að Alþingi Íslendinga skoði með hvaða hætti er hægt að framfylgja gildandi heilbrigðislögum og heilbrigðisáætlunum og „*stuðli að auknu og bættu þjónustustigi innan heilsugæslunnar þannig að hún sé betur fær um að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til hennar*” eins og segir um meginmarkmið þessarar tillögu.

Síðastliðinn einn og hálfan áratug hefur Heilsugæslustöðin á Akureyri (HAK) lagt mikla vinnu í frumkvöðlastarf með uppbyggingu á markvissri fjölskylduvernd. Þverfagleg teymisvinna er hornsteinn að þróunarverkefni Nýja barnið en það hefur eflt og styrkt hina hefðbundnu heilsuvernd í mæðra- og ungbarnavernd. Í anda laga um heilbrigðisþjónustu þar sem kveðið er á um að „Félagsráðgjöf, þ.m.t. fjölskyldu- og foreldraráðgjöf” séu meðal aðalgreina heilsuverndar sem og geðvernd og heilbrigðisfræðsla í fyrirbyggjandi tilgangi (lög nr. 97/1990, 19 gr. lið 5), hefur okkur tekist að byggja upp þjónustu við fjölskyldur sem hefur vakið athygli jafn innan lands sem erlendis. Þessi nýbreytni hefur verið í góðum samhljómi við evrópuáætlun WHO frá árinu 1998 og stjórnarfrumvarp um íslenska heilbrigðisáætlun til 2010 sem nú er til meðferðar á Alþingi. Á síðastliðnu hausti gerði heilbrigðisráðherra okkur kleift að bæta enn þjónustustigið með því að tryggja stöðu sálfræðings við Fjölskylduráðgjöf HAK.


Í ritinu „Nýja barnið – Þróunarverkefni Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri” (Landlæknisembættið 2000) gerum við grein fyrir hugmyndafræði, aðferðum og árangri sem uppbygging fjölskylduráðgjafar og markvissar samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustunni á Akureyri hefur haft í för með sér. Í lokakafla bókarinnar um Nýja barnið segir (bls. 68): “Við höfum heyrt þær skoðanir að á tímum aðhalds og sparnaðar í opinberum rekstri sé óraunhæft að byggja upp fjölskylduráðgjöf, jafnvel við stærstu heilsugæslustöðvarnar. Við teljum hins vegar að reynsla okkar sanni að fjölskylduráðgjöf og markvissar fjölskylduvernd innan heilsugæslunnar sé í raun virkasta leiðin til forvarna, þar sem það nýtir og styrkir enn frekar þá sérstæðu möguleika til eflingar fjölskylduheilbrigðis sem heilsugæslan býr yfir. Slík uppbygging mun leiða til sparnaðar þegar til lengri tíma er litið. Við teljum því brýnt að félagsráðgjafar, sálfræðingar og aðrir fagmenntaðir sem sinna ráðgjöf og viðtalsmeðferð verði í vaxandi mæli ráðnir að heilsugæslustöðvum eins og einnig kemur fram í tillögum til úrbóta í .... *Skýrslu um stefnumótun í málefnum geðsjúkra*. Ný lög um fæðingar- og foreldraorlof hljóta einnig að hafa í för með sér stórukna þörf fyrir foreldra- og fjölskylduráðgjöf, þar sem þau fela í sér miklar breytingar sem gera auknar kröfur til samvinnu og innlifunarhæfni foreldra.”

Ýmsar heilsugæslustöðvar á landinu hafa verið að kynna sér reynslu okkar, hugmyndafræði og nálgunarleiðir. Í Garðabæ er fjölskylduráðgjafi kominn inn í liðsheild heilsugæslustöðvarinnar og faghópurinn farinn að þróa vinnulag Nýja barnsins.

Ég tel það afar mikilsvert að Alþingi Íslendinga og heilbrigðisyfirvöld hlutist til um að heilsugæslan geti veitt þá þjónustu sem lög um heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisáætlun gera ráð fyrir og með auknu samstarfi fagstétta að efla sérstæða möguleika heilsugæslunnar til markvissrar geð- og fjölskylduverndar.

Akureyri, 6. mars 2002

Með bestu kveðjum



A. Karólína Stefánsdóttir  
yfirfjölskylduráðgjafi